



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2014

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Fisk Gallerýs ehf.,  
á að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Hinn 11. september 2013, kom starfsmaður Neytendastofu í Gallerý Fisk, Nethyl 2, Reykjavík, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðmerkingar í borði og í kæli var ábótavant, einnig voru gerðar athugasemdir við að mikið væri óverðmerkt í hillu.

Starfsmaður Gallerýs Fisks kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns fiskbúðarinnar. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Fisk Gallerýs ehf., rekstraraðila Gallerýs Fisks, dags. 16. september 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum fiskbúðarinnar í betra horf að viðlögðum sektum.

Hinn 20. október 2013, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá fiskbúðinni. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga í borði og kæli var enn ábótavant auk þess sem gerðar voru



athugasemdir við óverðmerktar vörur upp á borði. Starfsmaður Gallerýs Fisks kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Fisk Gallerýs ehf., dags. 11. nóvember 2013, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Neytendastofu barst tölvubréf Fisk Gallerýs, dags. 15. nóvember 2013. Þar kemur fram að við fyrstu heimsókn starfsmanns Neytendastofu hafi starfsmanninum verið tjáð að heimsóknin kæmi á afar slæmum tíma fyrir starfsemi fiskverslunarinnar og var hann beðinn um að koma seinna svo hægt yrði að sinna erindi hans í ró og næði. Úr því hafi ekki orðið. Það sama hafi átt við í síðari heimsókn starfsmannsins. Gallerý Fiskur vilji kvarta undan því. Starfsmaður Gallerýs Fisks hafi bent starfsmanni Neytendastofu á að þegar hann sé staddur í versluninni þá sé ekki búið að setja verslunina upp eins og hún eigi að vera og verðmiðar sem annars séu í borði við hverja vörutegund ekki komnir á sinn stað vegna þess að m.a. vanti vöruna í borðið og nýbúið væri að þvo spjöldin og þau þyrftu að þorna. Starfsmanni Neytendastofu hafi verið bent á að allir viðskiptavinir fái eins og sýnishorn af skoðunarblaði sem staðfesti merkimiða með hverri vöru úr fiskborði sem tilgreini kaupdag, best fyrir, kg/kr, þyngd, kaupverð sem og vöruheiti. Eins hafi starfsmanninum verið bent á að flestar vörur væru verðmerktar í hillu en það viðurkennist að kryddstaukar sem og rúgbrauð hafi verið óverðmerkt. Í kjölfar bréfs Neytendastofu þá hafi fullur og tæmandi listi verið hengdur upp í kæli ásamt því að búið sé að koma fyrir hillumerkingum. Fullur og tæmandi listi af vörum í fiskborði og uppi á fiskborði hafi verið komið fyrir á áberandi stað. Verðmerkingar í hillu hafi verið lagaðar og merkimiði sé á loki eða efsta byrði.

## II.

### Niðurstaða

Í máli þessu hefur Fisk Gallerý ehf., ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun sinni í viðunandi horf innan tilsetts tíma eftir skoðun Neytendastofu þann 11. september 2013.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur*



*að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Engar undantekningar eru veittar á ákvæðinu um skyldu til að verðmerkja. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1.-3. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

*„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.*

*Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“*

Samkvæmt ákvæðunum ber Gallery Fiski ávallt að verðmerkja allar söluvörur sínar. Verðmerkingar þurfa jafnframt að vera skýrar og greinilegar. Þau rök að ekki væri búið að setja upp verðmerkingar í fiskborði breyta því ekki að einnig hafi verið gerðar athugasemdir við verðmerkingar í kæli og hillu. Starfsmaður Neytendastofu skoðaði verðmerkingar á almennum opnunartíma fiskbúðarinnar. Líkt og fram hefur komið ber söluaðilum ávallt að hafa verðmerkingar réttar og skýrar og breyta þau gagnrök Fisks Gallerys um að tímasetning eftirlitsins hafi ekki hentað versluninni þar engu um.

Með því að verðmerkja ekki allar söluvörur í verslun hefur Gallery Fiskur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. gr. reglna nr. 536/2011. Þá hafði verslunin ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilsetts tímamarka og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*



[...]

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr. “*

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnvísulaga og jafnræðisreglu stjórnvísulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Gallery Fisk stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Fisk Gallery ehf., Nethyl 2, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með því að hafa óviðunandi verðmerkingar í versluninni.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Fisk Gallery ehf., að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 31. janúar 2013.

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir